



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana („gullhúðun“) URN24060075
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input checked="" type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Dags.	13. júní 2024

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Með beiðni á þskj. 468, 153. löggjlf., frá Diljá Mist Einarsdóttur ofl. alþingismönnum var þess óskað að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra flytti á Alþingi skýrslu um innleiðingu EES-gerða frá árinu 2010 til 2022 þar sem skoðað yrði sérstaklega hvort svokölluð „gullhúðun“ hefði átt sér stað á málefnasviði ráðuneytisins á tímabilinu 2010 til 2022, með þeim afleiðingum að skapast hefði meira íþyngjandi regluverk hér á landi en þörf var á.

Hugtakið gullhúðun er notað um það þegar stjórnvöld einstakra ríkja ganga lengra og setja íþyngjandi ákvæði umfram þær lágmarkskröfur sem gerðar eru í EES-gerðum við innleiðingu. Slíkt er heimilt en þó eru gerðar kröfur um að það sé tilgreint sérstaklega og að rökstuðningur fylgi í greinargerð með frumvarpi.

Samkvæmt skýrslu Margrétar Einarsdóttur, prófessor við lagadeild HR, frá janúar 2024 um innleiðingu EES gerða á málefnasviði ráðuneytisins í landsrétt, leiddi rannsókn hennar á innleiðingum í ljós að gullhúðun var beitt í 11 frumvörpum þar sem tilskipanir voru innleiddar í landsrétt, eða í 41% tilvika.

Í rannsókninni voru m.a. skoðaðar innleiðingar evróputilskipana um mat á umhverfisáhrifum í íslenska löggjöf. Rannsóknin leiddi í ljós að í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, er gerð krafa um að í umhverfismati sé skoðuð áhrif á víðerni og jarðmyndanir. Í tilskipun 2011/92, sem innleidd er með lögnum, er hins vegar hvorki að finna tilvísun til víðernis né jarðmyndana og því um meiri kröfur að ræða í lögum heldur en í tilskipuninni. Í lögnum er þá miðað við 66 kv spennu á loftlínunum vegna A flokks framkvæmda, sem eru matsskyldar framkvæmdir, en í tilskipun 85/337 er miðað við 220 kv spennu. Þar að auki er miðað við 50 þúsund persónueiningar varðandi framkvæmdir sem lúta að skólphreinsivirkjum, til að slíkar framkvæmdir falli í A flokk framkvæmda, en í tilskipun 85/337 er miðað við 150 þúsund persónueiningar.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Í kjölfar umræddrar skýrslu um innleiðingu EES-gerða frá árinu 2010-2022 var sett í gang vinna við að endurskoða innleiðingu á EES-gerðum í löggjöf um mat á umhverfisáhrifum og er áformað að leggja fram frumvarp til að færa löggjöfina nær Evrópulöggjöfinni með það að markmiði að tryggja að löggjöfin sé ekki meira íþyngjandi en tilefni er til.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Frumvarpavinnan lýtur að skoðun á gildandi löggjöf og breytingum á henni.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Ákvæði um innleiðingu EES-gerða í íslenskan rétt er að finna í EES-samningnum, lögum nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis, reglum um þinglega meðferð EES-mála og samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa.

- 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.**
Færa lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nær evrópulöggjöfinni með það að markmiði að tryggja að löggjöfin sé ekki meira íþyngjandi en tilefni er til.

C. Leiðir

- 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?**
Staðan yrði sú sama og fram kemur í skýrslu um innleiðingu EES-gerða á árinu 2010-2022.
- 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.**
Á ekki við.
- 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.**
Breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

- 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.**
Markmiðið er að færa lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nær evrópulöggjöfinni með það að markmiði að tryggja að löggjöfin sé ekki meira íþyngjandi en tilefni er til.
- 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.**
Breytingar á ákvæðum laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sjá nánar A1.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

- 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**
Áformin koma inn á skuldbindingar skv. EES-samningnum.
- 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**
Nei.
- 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**
Nei.

F. Samráð

- 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**
Atvinnulífið, félagasamtök og Skipulagsstofnun.
- 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**
Málið varðar Skipulagsstofnun, sem er á málefnasviði innviðaráðuneytis.
- 3. Samráð sem þegar hefur farið fram.**
Samráð hefur ekki farið fram.
- 4. Fyrirhugað samráð.**
Hefur ekki verið endanlega mótað. Fyrirhugað er að áformin og frumvarp fari í samráðsgátt stjórnvalda. Samráð þarf einnig að hafa við Skipulagsstofnun.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

- 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.**

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Verkefnisáætlun er í vinnslu.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir að þörf sé á aðlögun.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Engar sérstakar forsendur.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

M.a. fjöldi framkvæmda sem fara í gegnum málsmeðferð hjá Skipulagsstofnun skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Nei.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.